Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

Athugið að viðbót er komin við gíró-númerið 27810-6.

Vegna aukinnar sölu Stéttabaráttunnar og betri viðtökur meðal verkafolks, höfum við séð okkur það fært að lækka verðið á blaðinu í 60 krónur.

5. tölublað | Þriðjudagur 15. feb. 1977. | 6. árgangur | Verð kr. 60.

Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum



Íslenska auðvaldsþjóðfélagið er skipt upp í stéttir, sem eiga í sífelldri baráttu sín á milli. Vinna fjöldans er skipulögð með það eitt fyrir augum að skapa fámennum hópi auðmanna gróða. Það eru þessi samskipti launavinnunnar og auðmagnsins, sem orsaka þróun þjóðfélagsins. Barátta verkalýðsstéttarinnar gegn auðstéttinni veldur því að þjóðfélagið þróast án afláts fram á við. Það er þess vegna nauðsynlegt fyrir verkalýðinn að öðlast þekkingu á þessari baráttu og þeim lögmálum sem stýra henni. Það er ekki hægt að skipuleggja eða stjórna stéttabaráttunni, án þess að afla sér þekkingar á eðli hennar og lögmálum.

Hver hirðir afrakstur vinnunnar

Alls staðar þar sem nýjar byggingar rísa, þar sem nauðsynjar eru skapaðar, gerist það fyrir tilstilli launavinnunnar. Verkafólkið framleiðir vörur, aflar hráefnir og skapar verðmæti með vinnu sinni. En því fellur ekki annað í skaut en vikulaunin. Meðan vikulaunin nægja okkur til framfæris, fellur allur annar afrakstur vinnunnar í hendur auðmönnum sem eiga framleiðslutækin. Við vinnum, þeir verða ríkir. Þeim mun lengri sem vinnudagurinn verður þess meiri auður safnast á hendur eigenda framleiðslutækjanna. Og þótt við séum skipulögð í verkalýðsfélög, sem aldrei gleyma að innheimta félagsgjöldin, breytist þessi staðreynd ekki hætis hót. Við vinnum allt of langan vinnudag, þótt löggjöfin kveði á um 8 stunda vinnudag. Hið eina sem fagfélögin gera er að veita undanþágur á báða bóga svo atvinnurekendur geti fengið þá eftirvinnu sem þeir þurfa á að halda. En ef verkalýðsfélögin veita undanþágur til að hægt sé að lengja vinnudag okkar, ef þau berjast ekki gegn vinnuþrælkuninni og láta reka á reiðanum, þegar kjaraskerðingarnar fara vaxandi, hvers vegna köllum við þau verkalýðsfélög? Eru þetta félögin okkar? Já. Þjóna þau hagsmunum okkar? Nei.

Hver ræður verkalýðnum í dag?

Fjölmargir verkamenn hafa rekið sig á að verkalýðsfélögin þjóna ekki hagsmunum okkar og viðbrögð þeirra eru að sitja heima þegar fundir eru haldnir, lýsa vanþóknun á félögunum. En þetta er skiljanlega engin lausn á vandanum. Við verðum að gera okkur grein fyrir því hvers vegna félögin þjóna ekki hagsmunum okkar og hvernig á að fara að því að ráða bót á þessum meinbug. Allar aðgerðir og öll framkvæmd þjóna einhverri stétt, hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað. Öðruvísi getur það ekki verið í stéttaskiptu þjóðfélagi. En ef verkalýðsfélögin ganga ekki erinda okkar verkafólks í dag hverjum þjóna þau þá? Þau þjóna stéttaróvininum, auðstéttinni. Þau standa annað hvort gegn baráttu okkar eða láta það sig litlu varða hvort við glötum starfinu, atvinnuörygginu eða lífskjörunum. Þau eru ekki lengur lýðræðisleg og þess vegna lúta þau ekki lengur vilja meirihluta félagsmanna. Já, meirihlutinn mætir meira að segja ekki einu sinni á félagsfundina. Hverjir ráða þá félögunum, hverjir láta það viðgangast að verkalýðsfélögin séu andstæð eða óvirk í baráttu okkar? Það er forysta flestra félaganna, forysta sem er orðin að sjálfkjörinni stjórn sem ekki þarf eða vill hlýða vilja meirihlutans lengur. Hún hefur ekki sameiginlega hagsmuni með fjöldanum, lífskjör hennar og lífsvenjur eru slitnar úr tengslum við almúgann og hafnar upp yfir lífskjör og venjur hins venjulega verkamanns.

Hvernig getur forystan haft vilja fjöldans að engu?

Forysta félaganna hefur vilja fjöldans að engu. Þetta gerir hún með því að fjöldinn er ekki sameinaður í baráttunni, sumir sækja ekki fundina aðrir styðja forystuna, enn aðrir sækja fundina en sjá enga lausn í því að setja forystuna af og vita ekki hvort þeir, sem taka við verði nokkuð betri og loks eru þeir sem eru andstæðir forystunni og þeir geta ekki einu sinni sameinast í eina fylkingu. Þessi sundrung og skortur á vitundinni um að samstaðan ein getur fært verkalýðnum sigur í baráttu hans gegn auðvaldinu, gerir forystunni

Framhald á baksíðu

Samningar við færeyinga skref á rangri braut



LOÐNAN.

Ríkisstjórnin hefur nú samið við færeyinga um veiðiheimildir. Föstudaginn 4. febrúar s. l. var undirritaður samningur þar sem færeyingum er heimilað að veiða allt að 25 þús. tonn af loðnu hér við land í vetur, en færeyingar hafa eins og kunnugt er ekki stundað loðnuveiðar við Ísland áður. Í staðinn buðu þeir heimild til að veiða sama magn af kolmunna innan færeysku fiskveiðilögsögunnar, á tímabilinu mars-júní í ár.

Skv. stofnstærðarútreikningum fiskifræðinga er loðnustofninn langt frá því að vera fullnýttur og er jafnvel talið að árlega sé aðeins veiddur um 1/10 hluti hrygningarstofnsins. Í Svörtu skýrslunni þar sem fjallað er um loðnuna segir orðrétt:" Margt bendir því til þess að af stofninum megi taka allmiklu meira án þess að sjáist merki í viðgangi stofnsins". Kolmunnaveiðar eru á byrjunarstigi hér, en tilraunaveiðar á kolmunna hafa gefið góða raun. Eru kolmunnaveiðar nefndar sem ein leið til að draga úr sókninni í þorskinn. Innan færeysku lögsögunnar eru mörg bestu kolmunnaveiðisvæðin og mun mikilvægi þeirra fara vaxandi í framtíðinni.

Þannig má með nokkrum rétti segja að fiskifræðileg rök mæltu ekki gegn þessum samningum.

Hins vegar eru þau ekki einu rökin sem athuga þarf áður en afstaða er tekin til slíkra samninga. Í fyrsta lagi getur samningurinn veikt stöðu þeirra sem berjast gegn samningum um veiðiheimildir við EBE, og í öðru lagi er hann að vissu leyti andstæður þeirri stefnu sem þjóðir 3ja heimsins hafa markað í hafréttarmálum og gæti orðið vopn í höndum heimsvaldalanda eins og USA, Sovét, Japan ofl. á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Ríkisstjórnin hefur einsog berlega hefur komið í ljós fullan hug á að semja við EBE um fiskveiðiheimildir annað hvort út á "gagnkvæmar veiðar" eða til að forðast tollaþvinganir af hálfu bandalagsins. Hins vegar er andúð á slíkum samningum og andstaða við þá svo almenn að stjórnin hreinlega treystir sér ekki út í samninga strax af ótta við viðbrögð fjöldans. Þess vegna hefur hún tekið þann kostinn að semja fyrst við "frændur okkar færeyinga" um loðnukvóta sem skiptir i rauninni sáralitlu máli fyrir okkur. Með þeim samningi hyggst hún sennilega ryðja brautina til frekari samninga.

Í öðru lagi þarf að líta á þá afstöðu til alþjóðlegra hafréttarlaga sem fram kemur í samningnum.

Á Hafréttarráðstefnunni hafa ýmis auðvaldsríki reynt að koma því inn í hafréttarlög að ef eitthvert ríki geti ekki nýtt hluta fiskistofna eða annarra auðlinda innan 200 mílna lögsögu þess hafi önnur ríki rétt til að fá að nýta þessar auðlindir. Þjóðir 3ja heimsins hafa barist harkalega gegn þessu ákvæði því það myndi aðeins tryggja áframhaldandi rányrkju risaveldanna utan við strendur þeirra. Nægir í því sambandi að minna á sókn fiskveiðiflota Sovétríkjanna við strendur Afríku, Bandaríkjanna við S-Ameríkustrendur og Japans í Kyrrahafi.

Þótt svonefnd "þróunarríki" séu enn ekki tæknilega undir það búin að nýta allar sínar auðlindir þá þurfa þau þeirra nauðsynlega við til að geta þróað framleiðsluna og orðið efnalega sjálfstæð. Er ástandið á Grænlandsmiðum nú skýrt dæmi um afleiðingarnar ef blind gróðahyggja heimsvaldaríkjanna er látin ráða ferðinni.

Í þessu máli hafa íslendingar barist beint gegn hagsmunum 3ja heims ríkjanna og þannig valdið klofningi meðal þeirra ríkja sem barist hafa fyrir 200-mílna landhelgi. Sjávarútvegsráðherra orðaði þessa stefnu ísl. borgarastéttarinnar þannig fyrir skömmu: " samningar við aðrar þjóðir um þann fisk sem við nýtum ekki sjálfir eru fullkomlega í samræmi við stefnu íslendinga í hafréttarmálum

Á sama hátt og 200-mílna lögsaga fékk alþjóðlega viðurkenningu vegna baráttu og samstöðu ríkja 3ja heimsins, sem og annarra ríkja eins og og Íslands færðu fiskveiðilögsögu sína einhliða út í 200 mílur, þá geta risaveldin notað samninga á borð við þá, sem gerðir voru við færeyinga sem fordæmi til réttlætingar á kröfum sínum um áframhaldandi veiðiréttindi innan lögsögu þróunarríkjanna.

Vegna þessa var ekki rétt að semja við færeyinga einsog málin standa í dag. Hitt er annað mál að slíkir samningar milli ríkja einsog Íslands og Færeyja eru ekki forkastanlegir á öllum tímum. En meðan völd heimsvaldastefnunnar eru jafn mikil og nú er og jafn mikil óvissa ríkir um á hvern hátt alþjóðleg hafréttarlög muni verða, koma þeir ekki til greina.

6. 2. 77 /I. P.



Atli Dam og Einar Ágústsson undirrita samninginn.

Hvað seinkaði Stéttabaráttunni

Áskrifendur Stéttabaráttunnar urðu varir við að 3 tbl. barst þeim ekki í hendur á réttum tíma. Ástæðan er ekki sú að vinslu blaðsins hafi seinkað, því það var afhent á pósthúsið samkvæmt venjulegri áætlun. Kvartanir frá áskrifendum bárust ritnefnd og fór ritstjóri stéttabaráttunnar þá umsvifalaust niður á pósthús að athuga málið. Kom þá í ljós að Stb. hafði týnst en hún fannst þá er farið var að leita. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Stb. misferst hjá póstinum og hlýtur það að leiða hugan að því hvort orsökin sé stjórnmálaskoðun einstakra starfsmanna. Nauðsynlegt er að áskrifendur hríngi í síma 27810 og tylkynni ef þeir fá ekki blaðið.



LEIÐARI

Meira hversdagslegt byltingarstarf minna innantómt orðagjálfur

"Meira af hversdagslegu byltingarstarfi - minna af innantómu orðagjálfri"
Þessi fleygu orð Leníns verða að vera flokknum og öllum félögum hans að leiðarljósi í þeirri erfiðu baráttu sem nú er háð.
Gerð hefur verið atlaga að flokknum, sem veikti afl hans um stundarsakir, en þegar fram í sækir mun reynslan af baráttunni gegn tækifærisstefnu í skipulaginu verða til að styrkja flokkinn og þjappa félögunum betur saman um stefnu hans.
Sigurinn yfir hentistefnu af sérhverju tagi, verður að gerast jafnt fræðilega, sem í starfi. Annars vegar þarf að afhjúpa eðli hennar og leita skýringa á stefnu, starfi og séreinkennum hvers einstaks tilfellis og hrekja fræðilegar röksemdir hentistefnumannanna. Hins vegar þarf að sigra hentistefnuna í starfinu. Hin rétta afstaða, er því aðeins rétt, að hún þjóni verkalýðsstéttinni og sé framkvæmd í byltingarsinnuðu starfi. Það er t.d. nauðsynlegt að yfirvinna allar efasemdir um nauðsyn vikublaðsins, með umræðum og gagnrýni og sjálfsgagnrýni. Og það er jafnnauðsynlegt að skilja milli þeirra, sem efast um möguleikana á útgáfu vikublaðsins og hinna sem snúast gegn því í framkvæmd. Sigur yfir hentistefnunni í starfi táknar, að marxisminn-lenínisminn eflist, að grundvöllur hans styrkist og allt starf flokksins frá hinu stærsta til hins smæsta, tekur framförum.
Það er mikilvægt að gefa gaum að hversdagslegum hlutum, því heildin er samsett úr mörgum hlutum. Fjármálum flokksins verður að gefa betri gætur; hvort sem er í sellum hans, einstökum einingum eða miðstjórn. Við verðum að temja okkur sparsemi og hagsýni þegar farið er með eignir og fjármuni flokksins, því þetta eru eignir og fjármunir verkalýðsins

Engum félaga má leyfast að vera í vanskilum, eða taka fé flokksins ófrjálsri hendi Engum félaga má leyfast að láta dragast að innheimta fé, eða gera skil á fjármunum flokksins. Félagarnir verða að temja sér að gera áætlanir fram í tímann og skoða endinn áður en haldið er af stað. Þetta á líka við um vinnuskyldu. Sérhver félagi á rétt a því að honum sé falið sérverkefni, til að auka þroska hans og gefa honum tækifæri til að reyna hæfileika sína í starfinu. Sérhverjum félaga ber líka skylda til að leysa þau verkefni vel af höndum, sem flokkurinn felur honum. Andspænis erfiðleikum og skorti á reynslu, verða félagar að leita ráða hjá hvor öðrum og leysa úr erfiðleikunum með aðferð gagnrýni og sjálfsgagnrýni. Undir engum kringumstæðum eiga félagar að taka sér verkefni, sem þeir vita að þeir hafa ekki tíma til að leysa. Og þeim ber líka skylda til að leysa þau verkefni af höndum sem þeir taka að sér. Temjum okkur árvekni gagnvart starfinu, ef við horfum aðeins á heildina en ekki sérhvern hluta hennar, verðum við yfirborðsleg. Ef við sjáum aðeins fræðin en ekki starfið, eða öfugt, verðum við einhliða. Til þess að efla flokkinn og rækja starfið betur, þurfa allir félagar að efla meðvitundina um aga og frumkvæði. Félagi sem ekki hlítir aga, gerir flokknum tjón. En félagar eiga ekki að hlíta aganum blint, eða þegja um það sem þeim finnst rangt. Þeir verða að sýna frumkvæði. Agaðar umræður og aðferðin Eining-gagnrýni-eining er vopnið sem við beitum til að leysa úr viðfangsefnum og vandamálum flokksins. En að auki þarf að koma til starfsagi og frumkvæði í smáu sem stóru. Án þess að frumkvæði sérhvers félaga njóti sín, nýtur frumkvæði og framkvæmdavilji flokksins sín ekki. Flokkurinn er summan af félögum hans. Ef félagarnir vinna kommúnískt starf vinnur flokkurinn kommúnískt starf.

Þess vegna er mikilvægt að heyja baráttuna gegn frjálshyggju og borgaralegri afstöðu til starfsins undir kjörorðum Leníns-: "Meira af hversdagslegu byltingarstarfi - minna af innantómu orðagjálfri".

13. febrúar 1977.

EIK ml hafnar öllu samstarfi

Kommúnistaflokki Íslands hefur nú borist svar frá EIK m-l við bréfi dagsettu 17.1.'77 Þetta bréf var ítrekun á boði okkar um sameiginlega ráðstefnu marxista-lenínista til að ræða sameiningu marxista-lenínista. Ástæðan fyrir þessu er byggð á þeirri afstöðu KFÍ m-l að sú sundrung, sem nú ríkir í m-l hreyfingunni sé skaðleg fyrir verkalýðsbaráttuna og þess vegna sé mikilvægt að vinna að sameiningu. Tímabil harðnandi stéttaátaka og þeirrar hættu sem sovéska heimsvaldastefnan hefur skapað gerir þessa sameiningu enn mikilvægari. Ástand heimsmálanna hefur sett öllum byltingarsinnuðum öflum, sem sameinast geta um baráttuna gegn útþenslustefnu Sovétríkjanna og þriðju heimsstyrjöldinni, það verkefni að sameinast en sundrast ekki.

Þess vegna leggja marxistar-lenínistar um allan heim nú aukna áherslu á sameiningu, en láta smærri ágreiningsmál ekki koma í veg fyrir víðtæka og aukna einingu. Í ljósi þessa verður svar EIKm-l við sameiningartillögum KFÍm-l, harla einkennilegt. Þar er algjörlega litið fram hjá mikilvægi einingarinnar til eflingar baráttunnar. Stað þess eru minniháttar atriði, sem leysa má með umræðum, gerð að úrslitaatriðum til þess að umræðurnar fari ekki fram (sjá fjóra punkta í bréfi EIKm-l annarstaðar á síðunni). Í tillögum KFÍm-l voru engin skilyrði sett fyrir því að viðræðurnar um sameiningu mættu fara fram. Þessar tillögur voru byggðar á niðurstöðum 3. landsfundar miðstjórnar KFÍm-l og voru í meginatriðum þær að boða ætti til "almennrar og opinnar ráðstefnu allra íslenskra marxista-lenínista næstkomandi sumar (eða fyrr)". Þessari ráðstefnu var ætlað það hlutverk að undirbúa sameiningu m-l og í því augnarmiði yrði kosin nefnd á ráðstefnunni, sem hefði það verkefni að undirbúa sameiningarþing.

SVAR EIKm-l

Þessum tillögum, sem ekki lögðu aðrar kvaðir á EIKm-l en þær að gefa afdráttarlaust svar við því hvort þeir vildu vinna með okkur að sameiningu eða ekki hafa þeir nú svarað. Í svari sínu lýsa þeir því yfir að "KFÍ m-l eru endurskoðunarsinnaður hentistefnuflokkur. Við hann verður hvorki höfð samvinna eða viðræður". Ástæður fyrir þessari afstöðu eru síðan rökstuddar í fjórum liðum. Við þessi rök vill KFÍm-l gera örstuttar athugasemdir og skýra út sína afstöðu til þeirra.

1. Þessi krafa um sjálfsgagnrýni KFÍm-l á forsögu sína er nokkuð seint á ferðinni því að á stofnþingi flokksins var gerð ítarleg grein fyrir sögu KSML og gerð grein fyrir þeim villum sem gerðar voru á fyrstu árum hreyfingarinnar. Auk þess sem tveggja línu barátta fór fram innan KSML og í þeirri baráttu var alltaf leitast við að tengja starf og stefnu KSML marxismanum-lenínismanum. Ef EIKm-l er óánægt með stefnu KFÍm-l í dag þá ættu þeir að segja hvað það er, en það á ekki að útiloka viðræður milli hreyfinganna.

2. Það ætti engum að vera ókunnugt um að það sem ber á milli í stefnuskrám KFÍm-l og EIKm-l er ekki þess eðlis að það útiloki viðræður og samstarf.

Fyrirvarinn í öðrum lið í bréfi EIKm-l ætti því að vera óþarfur.

3. Ástæðan fyrir því að KFÍ m-l álítur að stofnun EIKm-l hafi táknað sundrungu marxisku-lenínisku hreyfingarinnar er einmitt sú að við álítum EIKm-l vera marxista-lenínista og það er langt síðan við lýstum því yfir. Þess vegna álitum við á sínum tíma að stofnun nýrra og "betri" m-l samtaka væri rangt skref sem leiða myndi til mikilla erfiðleika fyrir m-l hreyfinguna og raunin hefur líka orðið sú. Það er einmitt ástæðan fyrir því að við leggjum jafn mikla áherslu á sameiningu og raun ber vitni.

4. Það ber að líta á niðurstöður 3. landsfundar KFÍm-l um mikilvægi sameiningar m-l sem svar við opna bréfinu frá EIKm-l.

Þetta eru okkar athugasemdir við svari EIKm-l. Við álítum að EIKm-l hafi kosið að viðhalda sundrungunni með því að hafna hógværum tillögum KFÍm-l, með gífuryrðum. Þetta er mikill skaði fyrir hreyfinguna, en því miður er það ekki á færi neins að snúa þessari þróun við að sinni.

Til framkvæmdanefndar miðstjórnar KFÍ/ML

4.feb.1977

Vegna bréfs ykkar frá 17.1.'77:

Við endurtökum fyrri afstöðu EIK(m-l) svohljóðandi:

- KFÍ/ML er endurskoðunarsinnaður hentistefnuflokkur. Við hann verður hvorki höfð samvinna eða viðræður -

Svo verður þar til:

1. KFÍ/ML gerir fulla sjálfsgagnrýni á fyrri villur og forsögu sína.
2. KFÍ/ML samþykkir stefnugrundvöll EIK(m-l) frá sept.'76 í öllum höfuðatriðum.
3. KFÍ/ML viðurkennir að EIK(m-l) séu marx-lenínísk samtök og að stofnun þeirra táknaði ekki klofning marx-lenínískrar hreyfingar á Íslandi, heldur framsókn hennar.
4. KFÍ/ML svarar opnu bréfi frá EIK(m-l) sem honum hefur borist og birtist í 12.tbl. Verkalýðsblaðsins(des.'76).

Að þessu fengnu munu EIK(m-l) endurskoða afstöðu sína og ganga til umræðna milli samtakanna og ef til vill sameiningar.

f.h. Framkvæmdanefndar miðstj. EIK(m-l)

þetta er svar EIK (m-l)

[signature]
Ari T. Guðmundsson.



ÚR BARÁTTUNNI

100 þús. kr. krafa ASÍ þinsins.

ASÍ þinginu sem lauk í byrjun desember, samþykkti að berjast fyrir 1oo þúsund króna lágmarkslaunum í komandi samningum sem verða í maí. Í dag þarf þessi krafa að vera 1o6 þúsund, og þegar samningar verða, má áætla að 12o þúsund krónur verði lágmark miðað við núverandi verðlagsþróun. **Það er auðvelt fyrir ASÍ að setja fram kröfur í desember, um ákveðna lágmarksupphæð** þegar vitað er að verðbólgan kemur til með að uppfylla hana þá mánuði sem eru fram að samningum. Engin samþykkt var gerð um vísitölubyndingu launa í komandi samningum. Það gefur því auga leið að þeir samningar sem gerðir verða munu reynast haldlítil kjarabót ef ekki er vísitölubinding launa. Það er krafa okkar verkafólks að full vísitölubinding verði á laununum, og borguð verði laun sem gera okkur kleyft að lifa á dagvinnutekjum okkar. Annað er ekki sæmandi, ef að við viljum kalla okkur siðaða þjóð, eða brennimerkja okkur sem skrælingja að öðrum kosti.

Af hverju er samningum ekki sagt upp strax ?

Margir verkamenn vilja að samningum verði sagt upp, vegna þess að verðhækkanir eru miklu meiri en svo að hin svokölluðu rauðu strik fái leiðrétt. Á fundi í verkalýðsfélaginu Iðju 9 febrúar sl. var þessi krafa borin fram. Hún hlaut óblíðar viðtökur hjá stjórninni, sem taldi öll vannmerki á því að segja samningum lausum strax. Sagt var að lögfræðilega séð væri ekki hægt að segja upp samningum, þrátt fyrir að búið sé að brjóta samninga með gengdarlausum verðhækkunum. Þetta var hellsta mótbáran sem fram kom, og finnst okkur verkafólkinu hún léttvæg, því

........framhald á baksíðu

framhald af síðu 3

klíka fjórmeninganna...

Maó hafði gagnrýnt þau alvarlega En í raun héldu þau áfram að mynda klíku og juku glæpsamlega starfsemi sína til að hrifsa völdin í flokknum og ríkinu. Bæði trotskíarnir og "klíka fjórmenninganna" voru þrjósk og lúmsk kamelljón, sem breyttu verndarlit sínum stöðugt til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Þó "klíka fjórmenninganna" og trotskítarnir störfuðu með hálfrar aldar millibili og 9.000 kílómetra hvorir frá öðrum, var gagnbyltingareðli þeirra hið sama. Almenn réttarhöld 1937 í sovéskum dómsstólum staðfestu að trotskítarnir væru gagnbyltingarsinnuð klíka sem lengi hefði starfað náið með hvítliðum heima fyrir og selt erlendum leyniþjónustum. Þessi klíka réðst heiftarlega gegn Lenín, flokknum og sovéska ríkinu. Chang Chun-chiao, Chiang Ching og Yao Wen-yuan höfðu ótal tengsl við Chiang Kai-chek gagnbyltingarsinnana, meðan Wang Hung-wen var dæmigerður fulltrúi hinnar nýju borgarstéttar. Þau dáðust öll að erlendum hlutum og flöðruðu upp um útlendinga og höfðu ólögmæt erlend sambönd. "Klíka fjórmenninganna" og trotskítarnir höfðu sama upphafspunkt, fylgdu sömu gagnbyltingarsinnuðu götunni og gengu á fund sömu illu örlaganna.
(Hsinhua 3. febrúar 1977)

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357. Reykjavík, einnig í síma 27810
Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans: Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15.
Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðarstræti 7.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.
Suðurnes: Jónas H Jónsson Holtsgötu 26. Njarðvík. s. 2641.

Klíka fjórmenninganna og Trotskistarnir



Kínversk alþýða í baráttuhug.

Meðfylgjandi grein er forsíðugrein úr Dagblaði Alþýðunnar í Peking, sem bar titilinn "Klíka fjórmenninganna og trotskistarnir". Hún er lærdómsrík fyrir íslenska kommúnista, því hún dregur sögulegar hliðstæður tveggja línu-baráttunnar í Sovétríkjunum og Kína ljóslega fram og bendir á að hér er á ferðinni almennt lögmál, sem gildir alls staðar og á sérhverjum tíma byltingarbaráttunnar. Kommúnistaflokkur Íslands m-l hefur nýlega orðið fyrir heiftarlegri árás fyrrverandi leiðandi félaga, Hjálmtýs Heiðdal, Ólafs Ingólfssonar og Halldórs Grönvold. Hliðstæður í sundrungarstarfi þeirra og hentistefnu við það sem er að gerast í Kína í dag, eru augljósar. Þessir menn neituðu gildi " Skilgreiningar á stéttunum í Kínversku þjóðfélagi" eftir Maó formann sem"úreltum" og "ekki viðeigandi á Íslandi 1976". Þeir gerðu atlögu sína gegn flokknum, þegar erfiðleikarnir voru mestir, þegar gefa átti út vikublaðið . Þeir rægðu félaga og flokkinn, en stimpluðu félaga flokksins rógbera, ef þeir þekktu eitthvað til neðanjarðar starfsemi þeirra sjálfra. Þeir sýndu baráttunni fyrir vikublaði lítinn áhuga, en juku klofningsstarf sitt, eftir því sem erfiðleikarnir jukust. Þeir reyndu að hrifsa til sín völdin á "toppfundi" en neituðu að taka þátt í almennum umræðum flokksfélagannna. Þeir sendu frá sér plögg og yfirlýsingar í eigin nafni, í stað þess að taka þátt í umræðunum innan flokksins. Þeim munu líka mæta samskonar örlög og Trotsky og klíku fjórmenningana í Kína, að einangrast og hverfa af sjónarsviði verkalýðsbaráttunnar sem sundrungarafl og borgaralegir skemmdarverkamenn.

Saga hinnar alþjóðlegu kommúnísku hreyfingar hefur hvað eftir annað sýnt að á sérhverju erfiðleikatímabili byltingarinnar, reyna fulltrúar borgarastéttarinnar, sem leynast innan flokksins, óhjákvæmilega að hrifsa völdin í flokknum og ríkinu, eyðileggja málstað öreigabyltingarinnar og verja og endurreisa kapitalismann.

Til að ná þessum tilgangi sínum, starfa þeir ávallt í anda endurskoðunarstefnunnar og taka til sundrungarvinnubragða samsæra og pukurs til að leita hefnda. Þetta er sögulegt lögmál.

Grundvallaratriðin þrjú, "ástundið marxisma og ekki endurskoðunarstefnu; sameinist og sundrið ekki; verið heiðarleg og opinská og takið ekki þátt í samsærum og pukri" voru sett fram af hinum mikla leiðtoga vorum, Maó formanni, eftir að hann hafði snilldarlega alhæft og vísindalega dregið saman þetta sögulega lögmál. Þar er að leita orsakanna fyrir sameiginlegum einkennum tveggja línu baráttunnar heima fyrir og erlendis í fortíðinni. Hin alvarlega barátta sem fer nú fram hér gegn "klíku fjórmenninganna" hefur margt sameiginlegt með baráttunni sem bolsjevikkarnir háðu gegn trotskítunum meira en fimmtíu árum áður.

Endurskoðun marxismans er megineinkenni allra hentistefnumanna.

Trotský réðst gegn lenínismanum sem "úreltum" og "ónothæfum", hann hélt því kinnroðalaust fram, að "gervöll bygging lenínismans er nú byggð á lygum og fölsunum" og reyndi þannig að setja trotskísma í stað lenínismans. Chang Chun-chao, hélt því hins vegar fram, að hann hafði "enn ekki skýra mynd af afstæðum stéttanna í kínverku þjóðfélagi". Hann hrakyrti kenningar Maós sem "úreltar" og ætlaði að festa í sessi svokallaðar kenningar Chang Chun-chiaos og hafði jafnvel hugrekki til að lýsa "kenningum" sínum sem "fjórða áfanganum í þróun marxismans".

Hin svonefnda kenning um "óslitna byltingu" er kjarni trotskismans. Hún heldur því fram, í andstöðu við kenningu Leníns um möguleika byltingar í einu landi í senn, að slík bylting væri aðeins framkvæmanleg sem samfelldur sigur í helstu Evrópulöndunum. Samtímis sem trotskítarnir láta sem þeir séu að berjast fyrir tafarlausum sigri heimsbyltingarinnar, voru þeir raunverulega að reyna að grafa undan sósíalísku byltingunni í Sovétríkjunum og eyðileggja málstað öreigabyltingarinnar í heild.

"Klíka fjórmenninganna" talaði mjúklega um að eyða borgaralegum rétti og iðka "alhliða alræði" yfir borgarastéttinni, eins og þeir ætluðu að koma á kommúnisma daginn eftir. Það sem þeir gerðu fór samt langt út fyrir endimörk borgaralegs réttar. Þeir hrifsuðu til sín sérréttindi ekki bara borgaranna, heldur líka réttindi aðalsmanna og þrælahaldara; þeir vildu kollvarpa alræði öreiganna og koma á fasísku alræði, endurreisa kapitalismann og jafnvel koma á fót aðalsveldi með Chiang Ching sem keisaraynju.

Trotskítarnir notfærðu sér veikindi Leníns og dauða til að efla andflokksstarfssemi sína. Þótt Sovétríkin ættu þá í töluverðum erfiðleikum, náðu þau umtalsverðum árangri í þróun iðnaðar og landbúnaðar og umbótum í lífskjörum verkafólks og smábænda. Samt gáfu trotskítarnir út andflokks-yfirlýsingu, þar sem þeir spáðu óhjákvæmilegri, djúpri efnahagskreppu og hruni Sovét-veldisins. Þeir lögðu ekki fram eina einustu tillögu til að bæta úr vandamálum iðnaðarins eða landbúnaðarins eða til að bæta lífskjör fólksins. Slíkt vakti ekki áhuga þeirra. Í stað þess lögðu þeir til að verð á iðnaðarvörum yrði hækkað og þyngri skattar yrðu lagðir á smábændur, og þannig að torveldað samstarf verkalýðs og smábænda. Trotsky gekk svo langt að breiða út þvæluna um að góð uppskera "yrði til þess að riðla skipulagi efnahagsins með versnandi tengslum bæja og sveita". Hið eina sem vakti áhuga trotskítanna var að notfæra sér veikindi Leníns til að auka klíkustarf sitt, grafa undan undirstöðum flokksins og grípa völdin í miðstjórninni.

"Klíka fjórmenninganna" sýndi heldur ekki minnsta áhuga á endurnýjun iðnaðarins í Kína, né landbúnaði, landvörnum eða vísindum og tækni. Staðráðnir í að eyðileggja framleiðsluna og byltinguna, réðust þeir á hvern þann sem skildi byltinguna og örvaði framleiðsluna, sem fylgismann "Kenningarinnar um framleiðsluöflin". Þeir lýstu yfir: "það gildir einu hvort uppskeran fæst eða ekki."

Hver sá sem ástundar endurskoðunarstefnu, hlýtur líka að ástunda klofningsstarf í skipulaginu

Trotsky réðst gegn miðstjórn flokksins og reyndi að setja sig yfir og ofar henni, í tilraunum sínum til að byggja upp andflokksklíku. Lenín gagnrýndi hann með þessum orðum: "Trotsky hagar sér eins og fyrirlitlegur framagosi og klíkusinni', "Hann þjónar flokknum í orði en hagar sér ver en allir klofningsmenn aðrir". (Til G. Y. Zinoviev, Lenín Heildarritsafn bindi 34). Trotskítarnir splundruðu flokknum opinskátt , reyndu að brjóta niður einingar hans og koma á fót eigin leynisamtökum allt frá æðri stöðum til lægri eininga. Þeir völdu Pétursborg, stærstu borg Rússlands á þeim dögum, fyrir samastað gagnbyltingarsinnaðrar starfssemi sinnar og dreifðu andflokks-skjölum innan flokksins í eigin nafni. "Klíka fjórmenninganna" tók upp alla lesti trotskíta en tók þeim þó fram í klofningsstarfi sínu. Þeir höfnuðu varnarorðum Maó formanns "myndið ekki klíku, þeir sem gera það munu bíða ósigur" og annari alvarlegri gagnrýni hans á þeim. Þeir mynduðu klíku og fóru eigin leiðir. Þeir komu á fót eigin miðstöðvum unnu að uppbyggingu eigin grundvallar til að hrifsa völdin í flokknum og ríkinu og skrifuðu bréf og sendu skjöl til ýmissa eininga í eigin nafni, og mynduðu þannig eigin kerfi innan flokksins. Trotskítarnir ófrægðu "gamla kjarnann" sem hóf byltingarbaráttuna við hlið Leníns sem "úrkynjaða" og "staðnaða skriffinna" og sögðu að, 'forystusveit flokksins væri óhæf" og heimtuðu að flokkurinn yrði "hreinsaður" af "liðsmönnum af lenínísku gerðinni". Á hinn bóginn reyndu þeir að bera lof á æskuna, sem "öruggustu loftvogin" gagnvart skriffinnskunni, til þess að slá ryki í augu þess æskufólks, sem þekkti ekki baráttusögu Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna(b) gegn trotskismanum. Þannig ætluðu þeir að skapa andstæður milli hinna gömlu leiðtoga flokksins og hinna ungu liðsmanna og hrinda þannig fyrirlitlegri áætlun sinni um að "koma á nýrri flokksstjórn". Stalín hitti naglann á höfuðið, þegar hann sagði:"Til hvers er verið að egna æskuna gegn liðsmönnum flokksins? Til þess að sundra flokknum. Til hvers er verið að niðra flokkinn með tali um úrkynjun? Til þess að rjúfa einingu flokksins og brjóta máttarstólpa hans." (Árangur 13. þingsins, 6. bindi af heildarverkum J. Stalíns).

"Klíká fjórmenninganna" reyndi að hrifsa völdin í flokknum, með því að stimpla alla liðsmenn hans sem fylgdu byltingarsinnaðri línu Maó formanns sem "reynsluhyggjumenn", "borgaralega lýðræðissinna", "flokksmenn sem fara veg kapítalismans" og "uppgjafarsinna". Þeir heimtuðu "holskurði á skipulagi flokksins" og heimtuðu jafnvel líka að "klíka yrði brotin niður". Samtímis prísuðu þeir æskuna sem "stríðsmenn sem halda gegn straumnum", spilltu ungum liðsmönnum, reyndu eftir megni að sundra einingu eldri og yngri félaga og snerust gegn grundvallarreglunni um þríeina samsetningu gamalla, miðaldra og ungra liðsmanna.

Eins og allir klofningsmenn, beindu bæði "klíka fjórmenninganna" og trotskítarnir meginþunga árása sinna á leiðtoga öreigaflokkanna. Trotskítarnir réðust fúlmannlega á Lenín, rægðu eftirmann hans Stalín og reyndu að kollsteypa miðstjórninni undir leiðsögn hans.

"Klíka fjórmenninganna" gerði allt sem hún gat til að ófrægja Maó formann og komu með lognar ásakanir gegn Chou En-lai forsætisráðherra. Eftir dauða þeirra beindu þeir aðalþunga árása sinna gegn Hua Kuo-feng, sem Maó formaður hafði valið sem eftirmann sinn og miðstjórninni undir hans leiðsögn, og juku tilraunir sínar til að grípa völdin í flokknum og ríkinu.



Verkamenn, hermenn og bændur í Peking hylla hin nýja formann Kommúnistaflokks Kína Hua Kuo-feng 24. okt.

Klíkusinnar eru gagnbyltingarsinnaðir tvískinnungar.

Þegar sigrar marxismans færast í vöxt og styrkur alræðis öreiganna vex, grípa allir þeir sem ástunda endurskoðunarstefnu og klofningsstarf, til samsæra og pukurs. Trotskítarnir og "klíka fjórmenninganna" voru gagnbyltingarsinnaðir tvískinnungar.

Í fyrsta lagi sögðu þeir hræsnisfullt eitt en meintu annað. Eftir sigur Októberbyltingunnar, hættu trotskítarnir að ráðast gegn Lenín opinberlega en hrósuðu honum sem "mikilmenni mikilmennanna", samtímis sem þeir gerðu bandalag að baki hans við hvítliðana til að myrða Lenín. "Klíka fjórmenninganna" hreykti sér sem "lærlingar", "vopnabræður" og "fulltrúar" Maó formanns, en í raun voru þeir liðhlaupar við hinn byltingarsinnaða málstað sem Maó hafði rutt brautina fyrir í Kína og þeir voru sekir um aðfarir að Maó formanni.

Í öðru lagi dreifðu þeir sögusögnum til að ófrægja fólk. Trotskítarnir breiddu út sögur um að Miðstjórn KFR(b) héldi leyndri erfðaskrá Leníns og starfaði gegn henni. Þeir breiddu jafnvel út þessar sögur erlendis til að ráðast gegn Stalín og miðstjórninni. "Klíka fjórmenninganna" skrökvaði upp "síðustu orðum" Maó formanns "starfið samkvæmt reglunum sem settar hafa verið"- og gáfu út margar greinar sem innihéldu þessi orð og voru árásir á Hua formann. Þeir reyndust miklu hæfari sögusmettur en trotskítarnir voru. Þeir neyddu fólk til að samþykkja sögurnar sem þeir breiddu út, og leyfðu engum að sýna minnsta vafa. Á hinn bóginn reyndu þeir með öllum ráðum að fela eigin misgerðir og brennimerktu þá sem þekktu til þessara misgjörða sem sögusmettur. Klíkan lýsti því m. a. s. yfir að gagnrýni Maó formanns gegn þeim væri "söguburður" og kröfðust rannsóknar á henni.

Í þriðja lagi lugu þeir til að gabba almenning. Trotskítarnir lugu því að meirihluti flokksfélaganna hefði verið andstæður Októberbyltingunni og prísuðu Trotský sem "upphafsmann og eina stjórnanda Októberuppreisnarinnar" og sem "frumlegan" og "mikilhæfan" fræðimann. Þeir rægðu Lenín sem mann, er "tæki ákvarðanir um ákaflega mikilvæg mál í kyrrlátri skrifstofu", sem treysti einvörðungu á skyndilega hugdettu." "Klíka fjórmenninganna" titlaði sig sem "öreigabyltingarsinna", "fulltrúa hinnar réttu stefnu", "marxíska fræðimenn" og "gegnsýrða kenningum Maó formanns". Þeir breiddu út sögur til að ráðast á Maó formann og ófrægja Chou forsætisráðherra, Chu Teh og aðra félaga sem unnu með Maó formanni í langan aldur, og breyttu sögunni að vild til að auka eiginn hróður. Þeir skrýddu sig með heiðrinum af Menningarbyltingunni og líka af kínversku byltingunni.

Í fjórða lagi sýndu þeir tvískinnung. Þegar trotskítarnir höfðu verið gagnrýndir af miðstjórn KFR(b) settu þeir margoft fram yfirlýsingar sem afneituðu þeim sjálfum og fordæmdu eigin saknæma klofningsstarf. En meðan þeir fordæmdu sjálfa sig og sóru þess eið að fremja ekkert slíkt aftur, juku þeir á samsærisaðgerðir sínar að nýju. Hvað eftir annað lýsti "klíka fjórmenninganna" sig "starfandi samkvæmt leiðbeiningum Maó formanns" eftir að

Framhald á bls. 2.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!
Stéttabaráttan



STÉTTABARÁTTAN
5. tbl. 6. árg. 15/2. 1977
Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands m-l
STÉTTABARÁTTAN kemur út vikulega
Sími: 27810
Gíró 27810-6.
Ábyrgðarm.: Sigurður Ingi Andréson


Aukin álagning á mjólkurvörur

Meðfylgjandi úrklippa er úr Stéttabaráttunni frá því 14. okt. í fyrra. Þar var því spáð að kaupmenn myndu fljótlega krefjast hærri álagningar á mjólkurvörur ef mjólkurbúðunum yrði lokað. Voru kaupmenn þá þegar farnir að undirbúa jarðveginn fyrir hækkun álagningar eins og nótan sýnir ljóslega.

Strax eftir lokun búðanna komu kaupmenn síðan fram með kröfu um að leyfileg álagning yrði 14% (en hún var áður 7%). Þeirri málaleitan þeirra var að vísu hafnað, en þó leyfð 11 % álagning.

Það stendur lítið eftir af lýðskrumi Ellerts B. Schram o. fl. fulltrúa verslunarauðvaldsins á Alþingi er þeir héldu því statt og stöðugt fram að aðalkosturinn við að fá mjólkursöluna í hendur kaupmönnum yrði lækkun vöruverðs sem afleiðing af "frjálsri samkeppni".

Vegna aukinnar álagningar og síst minni dreifingarkostnaðar eftir lokun búðanna eru því fyrirsjáanlegar enn frekari hækkanir á mjólk. Því það var ekki af umhyggjusemi fyrir hag neytenda sem kaupmenn sóttust eftir mjólkursölunni, nei, þar réðu gróðasjónarmiðin ein ríkjum.



Þessi staðgreiðslunóta barst skrifstofu ASB fyrir nokkru frá manni í Mosfellsveit. Fylgdi eftirfarandi saga með nótunni: "Maður þessi fór í kaupfélagið á Brúarlandi og keypti þar mjólk. Bað hann um poka undir mjólkina, og fékk hann, en var krafinn um 5 krónur í viðbót fyrir vikið. Maðurinn hváði og spurði hvers vegna hann þyrfti að borga fyrir bréfpoka. Fékk hann það svar, að það væri svo lág álagning á mjólk að verslunin hefði ekki efni á að gefa poka með henni!" Þetta sýnir okkur berlega hvert stefnir, ef Mjólkursamsalan lokar Mjólkurbúðunum. Kaupmenn munu þrýsta á um að álagning á mjólk verði hækkuð, og þannig þurfa neytendur að borga hærra verð fyrir mjólkina.

Albanskri sendinefnd meinuð landvist í Þýskalandi

Stéttabaráttunni barst nýlega fréttatilkynning frá Kommúnflokki Þýskalands (KPD/ML). Hún er birt hér til hliðar í heild.

Þriðja þing KPD/ML var haldið um mánaðamótin jan.-feb. KPD/ML bauð sendinefnd frá Flokki vinnunnar í Albaníu að sitja lokadag þingsins. FVA þáði boðið og ákvað að senda nefnd undir forystu miðstjórnarmannsins Foto Cami.

En sjö dögum fyrir lok þingsins, barst frá sendiráði v-Þýskalands og frá utanríkisráðuneytinu í Bonn, orðsending þar sem synjað var landvistarleyfi handa albönsku sendinefndinni. Engar útskýringar fylgdu með þessari ákvörðun, enginn rökstuðningur.

Allir sem kjósa friðsamleg samskipti þjóða í milli, hljóta að fordæma afstöðu þýska ríkisvaldsins. Þetta sýnir okkur að allar auðvaldsríkisstjórnir, fasískar eða skreyttar lýðræði, eiga sameiginlegt markmið: þe. að vera á móti sósíalismanum og verkalýðshreyfingunni.

Við fordæmum þessa fjandsamlegu afstöðu til albönsku þjóðarinnar, þjóðarinnar sem ein evrópskra þjóða býr við sósíalískt skipulag, þjóðarinnar sem sýndi fádæma hetjulund og fórnfýsi í baráttunni gegn Hitlersfasismanum.

Yfirlýsing framkvæmdanefndar KPD/ML:

Synjun landvistarbeiðni albönsku sendinefndarinnar er fádæma fjandskapur í garð Alþýðulýðveldisins Albaníu og ögrun við albönsku þjóðina, þá þýsku og aðrar þjóðir sem urðu fyrir villimannlegum árásum Hitlersfasismans.

Árið 1943 réðust herir Hitlers inn í Albaníu. Þúsundir albanskra manna, kvenna og barna voru myrtar, þorp og bæir rænd ir og heilum héruðum eytt. Fram til dagsins í dag hefur ríkisstjórn v-Þýskalands, sem er löglegur arftaki Hitlersfasíska ríkisvaldsins, neitað að greiða stríðsskaðabætur til alþýðu Albaníu og óvinátta hennar hefur komið í veg fyrir vinsamleg og eðlileg samskipti landanna. Synjunin á landvist albönsku sendinefndarinnar er enn ein sönnun þess að yfirlýsingar v-þýsku ríkisstjórnarinnar um að sættast við þær þjóðir sem urðu fyrir barðinu á Hitlersfasismanum og um greiðslu skaðabóta, eru orðaskak og sýndarmennska.

Landvistarbeiðni albönsku sendisveitarinnar er hafnað, en háttsettum fulltrúum Sovétríkjanna og au-Þýskalands, ábyrgðarmönnum Berlínarmúrsins, ógnarstjórnar og ótal glæpa gegn þýsku þjóðinni, er leyft að koma oft og hindrunarlaust inn í Þýskaland. Til dæmis komu leiðtogar rússneska flokksins og ríkisvaldsins og leiðtogar Einheitspartei Deutschlands (kommúnistafl. au-Þýskal. -innsk. þýðanda) til að sitja þing hins endurskoðunarsinnaða Kommúnistaflokks Þýskalands. Ástæðurnar eru augljósar: þessir rússnesku og au-þýsku leiðtogar eru óvinir fólksins, þeir hafa stofnað ofbeldissinnað alræði af Hitlersgerðinni í löndum sínum.

Alþýðulýðveldið Albanía er eina sósíalíska ríkið í Evrópu. Það er ástæðan fyrir fjandsamlegri afstöðu Bonn-stjórnarinnar.

Þessi ögrun utanríkisráðuneytisins í Bonn, þarfnast öflugra mótmæla alls frelsis- og friðarunnandi fólks í Evrópu.

KPD/ML mun gera allt til að láta vitnast og berjast gegn þessari ráðstöfun í Þýskalandi og öðrum löndum fá þessa landvistarsynjun afnumda.



ÚR BARÁTTUNNI

framhald af síðu 2. ....

við þekkjum vel hverjir það eru sem dæma í svona málum og í hverra þágu. Kjaradómur sem fjallar um ágreiningsefni milli atvinnurekenda og verkalýðshreifingarinnar er skipaður að meirihluta til mönnum úr borgarastétt

Það tryggir ranga dóma þegar atvinnurekendum hentar eins og oft hefur komið í ljós.

Þegar forystumenn verkalýðshreyfingarinnar eru farnir að setja Kjaradóm fyrir sig sem afsökun fyrir því að ekki er hægt að rifta samningum sem búið er að brjóta, eru þeir farnir að tala máli borgarastéttarinnar innan okkar raða.

Vopnuð barátta í Brasilíu

Í frumskógum N-austur Brasilíu hefur nú um fjögurra ára skeið, verið háð vopnuð frelsisbarátta bænda, verkalýðs og föðurlandsvina. Baráttan beinist fyrst og fremst gegn útlendum heimsvaldasinnum, með þá bandarísku í broddi fylkingar, og innlendum handbendum þeirra.

Í 12 ár hefur blóðþyrst og fasísk herforingjastjórn ráðið lögum og lofum, með tilheyrandi meðulum. Kúgunaraðgerðir fasistaklíkunnar hafa einkum beinst gegn fjölda landlausra bænda, sem koma til norð-austur héraða landsins ár hvert, í leit að landskika til þess að draga fram lífið á þeim svæðum í skógum Amazons, sem stjórnin hefur úthlutað til ræktunar. Indíánar sem áður bjuggu á þessum svæðum, hafa verið hraktir á braut, eða skotnir af morðsveitum hers og lögreglu og fasistaklíkunnar.

En sagan er ekki á enda. Eftir að hinir fátæku bændur hafa árum saman stritað myrkranna á milli fyrir lífsviðurværi sínu, hafa þeir mátt bíta í það súra epli, að landið sem þeir héldu vera sitt, hafi fyrir löngu verið selt einhverjum stórjarðeigendunum (t.d. á Nelson Rockefeller 300 þús. ha. á þessu svæði), en landið er auðugt af dýrum málmum s.s. úrani og nikkel. Það þarf ekki að taka það fram, að þessir "ofurstar" hafa beitt öllum hugsanlegum (næstum óhugsanlegum) ráðum til þess að flæma bændur af landskikum sínum, þegar þeim hefur þóknast að svala gróðafýsn sinni.

Aftur og aftur hafa bændur og verkafólk sveitanna, gripið til vopna gegn kúgurunum og eftir að vopnuð barátta hófst árið 1972 við Aruguaia-fljót, hefur baráttan verið samfelld, vel skipulögð og háð af pólitískri meðvitund. Svar fasistanna voru skipulagðar vélbyssuárásir á verkafólk, sem var við störf á plantekrunum og leiddi til þess að hópar karla og kvenna hurfu til frumskógarins og skipulögðu hina vopnuðu baráttu þaðan.

Frá upphafi hefur barátta alþýðunnar við Araguaia-fljót notið stuðnings Kommúnistaflokks Brasilíu. Hálfrar aldar saga KFB er fyrir margar sakir athyglisverð, einkum fyrir uppgjör þeirra við endurskoðunarstefnuna árið 1962. Þá voru endurskoðunarsinnarnir reknir úr flokknum og hann endurreistur á grundvelli marxlenínismanum. Síðan hefur flokkurinn unnið markvisst að uppbyggingu samfylkingar allra byltingarsinnaðra stétta og hópa undir leiðsögn flokksins, gegn heimsvaldasinnum, stórkapítalistum og jarðeignamönnum.

Ásamt vopnaðri baráttu, gengst flokkurinn og frelsisherinn sem lýtur leiðsögn hans, fyrir pólitískri uppfræðslu og skipulagningu alþýðunnar. Markvisst starf flokksins meðal fjöldans, hefur nú þegar borið ríkulegan ávöxt. Vopnuð barátta breiðist óðfluga út í norð-austur Brasilíu og nú er barist á svæði sem er ca. 600 þús. km² að stærð. (6 sinnum stærra en Ísland). þetta er árangur þeirrar stefnu flokksins, sem tekin var eftir endurreisn hans 1962, að beina meginþunga starfsins að innhéruðum landsins og treysta bandalag verkalýðs og bænda.

Félagi Mao Tse-tung hefur sagt "að á meðan við höfum vísindi marxismans að leiðarljósi, treystum fólkinu, höfum náið samstarf við fjöldann og höfum forystu fyrir framsókn hans, mun oss auðnast að vinna bug á hverjum farartálma og sigrast á öllum erfiðleikum". Þessi sannindi hefur KFB. staðfest í starfi. KFÍ/ML sendi KFB og brasilískri alþýðu byltingarkveðjur.

Byggt á Roter Morgen nr. 46 1976.

Framhald af forsíðu

Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum

kleyft að stjórna félögunum í blóra við hagsmuni fjöldans. Forystan hefur öll tromp á hendi sér, fjöldinn er sundraður og ófær um að taka félögin í sínar hendur vegna þess. Innan fagfélaganna fer þannig fram barátta, samskonar barátta og í þjóðfélaginu sjálfu, þ.e. barátta launavinnu og auðmagns. Forysta félaganna og sérstaklega ASÍ, hefur gerst fráhverf baráttunni, eftir því sem hún tengist betur borgaralegum lifnaðarháttum og fjarlægist lífsvenjur verkalýðsins. Hún verður íhaldssöm og treg til aðgerða og þegar þar við bætist að borgarastéttin er óspör á embætti í ríkisvaldi og nefndum handa foringjunum, gleyma þeir algerlega upphaflegum tilgangi með stjórnarsetu sinni í verkalýðsfélögunum og ganga auðvaldinu algerlega á hönd.

Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum.

Það er því augljóst að forysta sem er fyllilega borgaraleg og orðin andhverf baráttunni, mun ekki ganga fram fyrir skjöldu til að afnema vinnuþrælkunina eða tryggja verkafólki lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku. Þvert á móti setur Björn Jónsson & Co fram kjörorð eins og "sæmilega lífvænleg laun fyrir skikkanlega langan vinnutíma" Þetta er síðasta eina framlag ASÍ-forystunnar til baráttunnar, þetta er afhjúpun á borgaralegu eðli hennar og þjónkun við auðvaldið.

Verkefni okkar eru því afar erfið. Hið fyrsta verðum við að sameina sem flesta innan félaganna til andstöðu við uppgjafar og svikapólitík forystunnar. En til þess þurfum við ákveðið markmið og ákveðinn pólitískan grundvöll. Markmið verkalýðsstéttarinnar eru miklu háleitari en að fá "sæmilega lífvænleg laun" fyrir launaþrældóm sinn. Verkalýðsstéttin ætlar sér að kollvarpa grundvellinum undan launaþrælkuninni og skapa nýtt og æðra þjóðfélagsskipulag, frjálsra, vinnandi manna. Þetta er hugsjón kommúnismans og að þessu starfar Kommúnistaflokkur Íslands/ML. En án verkalýðsfélaga verður engin bylting gerð, enginn sósíalismi skapaður, því það er ekki flokkurinn, sem gerir byltinguna, heldur hinn vinnandi fjöldi. Þess vegna er eitt mikilvægasta verkefni kommúnista að berjast fyrir því að verkalýðsstéttin reki forystu-aðalinn, sem engu fær né vill fá áorkað, af höndum sér og geri verkalýðsfélögin að baráttutækjum.

Námsstarf KFiml

1. Kommúnistaávarpið Marx og Engels (úrvalsrit no. 1.)
2. Díalektíska og sögulega efnishyggjan (bækl. eftir Stalin
3. Grundvöllur pólitísku hagfræðinnar (laun verð og gróði Marx og Engels úrvalsrit no 1)
4. Um ríkið og byltinguna. (Lenin, Ríki og bylting.)
5. Um flokkinn Lenin/Stalin (bæklingur Ksml.)
6. Pólitík KFÍ / ML. (bæklingurinn Hvað vill KFÍ / ML.

Látið skrá ykkur í námshring í Rauðu Stjörnunni sími 27810. Opið daglega á virkum dögum milli kl. 15-18,30.